



Forsætisráðherra, skýrslur 1969, seinni hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Forsætisráðherra – Lánamál íbúðarhúsabygginga – Rekstur og skipulag fyrirtækja og stofnana á Íslandi – Íbúðarbyggingar ríkis og Reykjavíkurborgar – Húsnæðismálastofnun ríkisins – Rótarýklúbbur Reykjavíkur – Lög um stéttarfélög og vinnudeilur

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-37, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



ritnanir

singar, er varða afskipti ríkisins
r íbúðarhúsa.

Lög

un ríkisins nr. 19/1965 með

breytingum skv. 1. nr. 97/1965, 1. nr. 21/1968, 1. nr. 56/1969,
1. nr. 58/1969 og bbl. nr. 83/1969.

Lögin fjalla um stjórn og hlutverk Húsnæðismálastofnunar
ríkisins, um Byggingarsjóð ríkisins og veðlán til íbúðar-
bygginga, um sparnað til íbúðabygginga og um útrýmingu
heilsuspillandi húsnæðis.

Lög um verkamannabústaði nr. 60/1962 með breytingum skv.
1. nr. 35/1965 og 1. nr. 20/1968.

Lögin fjalla um hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna
og starfsemi byggingarféлага verkamanna.

Lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaup-
stöðum og kaптúnum nr. 36/1952.

Lögin eru um byggingarsamvinnufélög (II.kafli).

Lög um byggingarsjóð aldraðs fólks nr. 49/1963 með
breytingum skv. 1. nr. 23/1968.

Lögin fjalla um lánastarfsemi til að stuðla að því, að
byggðar verði hentugar íbúðir fyrir aldrað fólk.

Lög um launaskatt nr. 14/1965.

Lögin eru um almennan launaskatt, sem leggja skal á
launagreiðendur, og renna sem stofnfjárframlag til
Byggingarsjóðs ríkisins.

Frá framkvæmdarstjóra Sjálfstæðisflokksins
Lendi þér með fylgjandi
Með bestu kveðjum
Ronnaldur Guðm.

Tilvitnanir

í lög, reglugerðir og yfirlýsingar, er varða afskipti ríkisins af lánveitingum til byggingar íbúðarhúsa.

Lög

Lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins nr. 19/1965 með breytingum skv. l. nr. 97/1965, l. nr. 21/1968, l. nr. 56/1969, l. nr. 58/1969 og bbl. nr. 83/1969.

Lögin fjalla um stjórn og hlutverk Húsnæðismálastofnunar ríkisins, um Byggingarsjóð ríkisins og veðlán til íbúðarbygginga, um sparnað til íbúðabygginga og um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis.

Lög um verkamannabústaði nr. 60/1962 með breytingum skv. l. nr. 35/1965 og l. nr. 20/1968.

Lögin fjalla um hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna og starfsemi byggingarféлага verkamanna.

Lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum nr. 36/1952.

Lögin eru um byggingarsamvinnufélög (II.kafli).

Lög um byggingarsjóð aldraðs fólks nr. 49/1963 með breytingum skv. l. nr. 23/1968.

Lögin fjalla um lánastarfsemi til að stuðla að því, að byggðar verði hentugar íbúðir fyrir aldrað fólk.

Lög um launaskatt nr. 14/1965.

Lögin eru um almennan launaskatt, sem leggja skal á launagreiðendur, og renna sem stofnfjárframlag til Byggingarsjóðs ríkisins.

Lög um ávöxtun fjár tryggingafélaga nr. 17/1964.

Lögin kveða á um, að árlega skuli verja tilteknum hluta af ráðstöfunarfé tryggingafélaga til kaupa á íbúðarlánabréfum af Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum nr. 75/1962.

Lög þessi kveða á um lán til byggingar íbúðarhúsa í sveitum.

Lög um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík nr. 1/1900.

Lög þessi eru um "gömlu veðdeildina".

Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa nr. 73/1965.

Lögin veita heimild til útgáfu bankavaxtabréfa vegna starfsemi "gömlu veðdeildarinnar"

Reglugerðir

Reglugerð um lánveitingar Húsnæðismálastjórnar nr. 150/1965.

Reglugerð um vísitölulán Veðdeildar Landsbanka Íslands nr. 117/1965.

Reglugerð um Húsnæðismálastofnun ríkisins nr. 114/1958.

Reglugerð um launaskatt nr. 119/1965.

Reglugerð um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis nr. 155/1957.

Reglugerð um leiguíbúðir sveitarfélaga og Öryrkjabandalags Íslands nr. 16/1966.

Reglugerð um skyldusparnað nr. 116/1959 með breytingum skv. reglugerð nr. 52/1961 og reglugerð nr. 95/1964.

Reglugerð um íbúðarbyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar nr. 78/1967 með breytingum skv. reglugerð nr. 122/1968.

Yfirlýsingar

Júní-samkomulagið 1964.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um húsnæðismál.

Júlí-samkomulagið 1965.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um húsnæðismál.

2/10 1969





Frá Skrifstofu Sjálfstæðisflokksins

Trúnaðarinn

H.V. 13/8 1969.

breyting á

1938,

undeilur.

1. gr.

15. gr. orðist svo:

Þegar stéttarfélag eða félag atvinnurekenda ætlar að hefja vinnustöðvun, þá er hún því aðeins heimil, að ákvörðun um hana hafi verið tekin:

- a. við almenna leynilega atkvæðagreiðslu, sem staðið hefur a.m.k. í 24 klst., enda hafi félagsstjórnin auglýst nægilega hvar og hvenær atkvæðagreiðslan um vinnustöðvunina skyldi fara fram, og að þátt í atkvæðagreiðslunni hafi tekið a.m.k. $\frac{3}{4}$ fullgildra félaga.
- b. af samninganefnd eða félagastjórn, sem gefið hefur verið umboð til að taka ákvörðun um vinnustöðvunina með almennri atkvæðagreiðslu, sem farið hefur fram á sama hátt og greint er undir a-lið.

(Atkvæðaseðill til afnota við atkvæðagreiðslu samkvæmt þessari grein, skal þannig úr garði gerður, að rituð er á hann spurning um hvort félagi óski vinnustöðvunar og fyrir neðan spurninguna, orðin: Já og Nei. Félagi greiðir atkvæði með þeim hætti, að hann setur með ritblýi kross fyrir framan Já, ef hann æskir vinnustöðvunar, en kross fyrir framan Nei, ef hann er mótfallinn vinnustöðvun.

Félagsmálaráðuneytið lætur gera atkvæðaseðla til afnota fyrir félögin í þessu skyni.)

2. gr.

16. gr. orðist svo:

Ákvörðun um vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör, ber að tilkynna sáttasemjara og þeim, sem hún beinist aðallega gegn, 20 sólarhringum áður en tilætlunin er að hún hefjist. Tilkynning þessi skal vera bréfleg og skal fylgja henni greinargerð um kröfur aðila.

H.V. 13/8 1969.

Drög

að frumvarpi til laga um breyting á
lögum nr. 80 11. júní 1938,
um stéttarfélög og vinnudeilur.

1. gr.

15. gr. orðist svo:

Þegar stéttarfélag eða félag atvinnurekenda ætlar að hefja vinnustöðvun, þá er hún því aðeins heimil, að ákvörðun um hana hafi verið tekin:

- a. við almenna leynilega atkvæðagreiðslu, sem staðið hefur a.m.k. í 24 klst., enda hafi félagsstjórnin auglýst nægilega hvar og hvenær atkvæðagreiðslan um vinnustöðvunina skyldi fara fram, og að þátt í atkvæðagreiðslunni hafi tekið a.m.k. $\frac{3}{4}$ fullgildra félaga.
- b. af samninganefnd eða félagastjórn, sem gefið hefur verið umboð til að taka ákvörðun um vinnustöðvunina með almennri atkvæðagreiðslu, sem farið hefur fram á sama hátt og greint er undir a-lið.

(Atkvæðaseðill til afnota við atkvæðagreiðslu samkvæmt þessari grein, skal þannig úr garði gerður, að rituð er á hann spurning um hvort félagi óski vinnustöðvunar og fyrir neðan spurninguna, orðin: Já og Nei. Félagi greiðir atkvæði með þeim hætti, að hann setur með ritblýi kross fyrir framan Já, ef hann æskir vinnustöðvunar, en kross fyrir framan Nei, ef hann er mótfallinn vinnustöðun.

Félagsmálaráðuneytið lætur gera atkvæðaseðla til afnota fyrir félögin í þessu skyni.)

2. gr.

16. gr. orðist svo:

Ákvörðun um vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör, ber að tilkynna sáttasemjara og þeim, sem hún beinist aðallega gegn, 20 sólarhringum áður en tilætlunin er að hún hefjist. Tilkynning þessi skal vera bréfleg og skal fylgja henni greinargerð um kröfur aðila.

3. gr.

Í stað: "Atvinnumálaráðherra" í upphafi 20. gr. komi:
"Félagsmálaráðherra".

4. gr.

27. gr. laganna hljóði svo:

Strax og slitnar upp úr samningaumleitunum aðila eða annar hvor aðila telur vonlaust um árangur af frekari samningaumleitunum þeirra, getur hvor aðili um sig eða þeir sameiginlega vísað deilunni til meðferðar sáttasemjara. Eftir að sáttasemjari hefur fengið tilkynningu um þetta, er honum skylt að kveðja aðila eða umboðsmenn þeirra til fundar, svo skjótt sem kostur er, og halda síðan áfram sáttaumleitunum, meðan von er til þess, að þær beri árangur. Sáttasemjara er skylt að taka vinnudeilu til meðferðar í síðasta lagi 10-20 sólarhringum áður en vinnustöðvun er ætlað að koma til framkvæmda, enda þótt aðilar hafi þá eigi vísað deilunni til hans.

Aðilum er skylt að mæta eða láta mæta, þegar sáttasemjari kveður þá til funda.

Sáttasemjari getur frestað því um allt að 4 sólarhringa, að vinnustöðvun hefjist, ef hann hefur í hyggju að bera fram miðlunartillögu eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi að hans dómi. Eigi er sáttasemjara heimilt að fresta vinnustöðvun nema einu sinni í hverri deilu. Honum er eigi heldur heimilt að fresta vinnustöðvun, sem þegar er skollin á.

5. gr.

Aftan við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er sáttasemjara að krefja Efnahagsstofnunina, Hagstofu Íslands og aðrar opinberar stofnanir skýrslna um atvinnuhorfur, kaupmátt launa, vísitöluútreikninga, launasamanburð, skattareglur, afkomuhorfur einstakra atvinnugreina og önnur hliðstæð atriði, sem hann telur máli skipta til lausnar á vinnudeilu.

6. gr.

3. mgr. 32. gr. laganna hljóði svo:

Miðlunartillaga telst felld, þegar báðum eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

1. Minnst 50% af greiddum atkvæðum eru á móti henni;
2. Minnst 20% atkvæðisbærra manna greiða atkvæði á móti henni.

Að öðrum kosti telst miðlunartillaga samþykkt. Þeir, sem vegna fjarveru eða veikinda sannanlega eru útilokaðir frá að

neyta atkvæðisréttar síns, teljast ekki atkvæðisbærir í þessu sambandi.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1970.

-- " --

Um 1. gr.

Felldur er niður c-liður 15. gr., sem heimilar trúnaðarráði að ákveða vinnustöðvun, ef lög viðkomandi félags fela því slíkt vald, enda hafi vinnustöðvunin verið samþykkt með a.m.k. $\frac{3}{4}$ hlutum greiddra atkvæða á lögmætum trúnaðarráðsfundi.

Samkvæmt uppkastinu er vinnustöðvun ekki heimil nema að undangenginni almenntri leynilegri atkvæðagreiðslu, þar sem $\frac{3}{4}$ fullgildra félaga hafa tekið þátt í, enda hafi vinnustöðvunin verið samþykkt við atkvæðagreiðsluna.

Ákvæði uppkastsins um atkvæðaseðil eru sett til athugunar.

Um 2. gr.

Frestur til vinnustöðvunar er lengdur úr 7 sólarhringum í 20 sólarhringa, sbr. frv. J.Þ.

Auk þess er nýmæli þess efnis, að tilkynning til sáttasemjara og gagnaðila skuli vera bréfleg og, að greinargerð um kröfur skuli fylgja tilkynningu.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Samhljóða 2. gr. í frv. J.Þ. Geta má þess, að í Danmörku er frestunarheimild sáttasemjara rýmri, eða í 2 vikur. Í frv. J.Þ. er gert ráð fyrir 4 dögum.

Um 5. gr.

Samhljóða 3. gr. í frv. J.Þ.

Um 6. gr.

Samhljóða 4. gr. í frv. J.Þ.

3. mgr. 32. gr. laganna hljóðar svo:

Miðlunartillaga telst felld, ef minnst 50% af greiddum atkvæðum eru á móti henni, enda hafi minnst 35% atkvæðisbærra manna eða meira greitt atkvæði. Á móti hverjum einum af hundraði, sem tala greiddra atkvæða lækkar niður fyrir 35%, þarf mótatkvæðafjöldinn að hækka um einn af hundraði til að fella tillöguna. Ef ekki hafa a.m.k. 20% atkvæðisbærra manna

greitt atkvæði, telst tillagan samþykkt. Þeir, sem vegna fjarveru eða veikinda sannanlega eru útilokaðir frá að neyta atkvæðisréttar síns, teljast ekki atkvæðisbærir í þessu sambandi.

Til greina virðist koma að halda greininni óbreyttri að öðru leyti en því, að í stað 35% t.d. 50%.

Um 7. gr.

Eins og 5. gr. í frv. J.P.

[Faint, illegible text, likely bleed-through from the reverse side of the page.]

Greinargreifi

Hér er um að ræða viðbót við 17. gr. íslensklaga. Greinin er ákveðin í 3. li. í 1. li. Greinargreifi er ákveðin um vinnuáhrif nýs ávaxtafyllingaráttar. Ákveðið þarft að skýringu. Hér er um leiðræði að ræða, sem í augum leikmanna virðist vera full-veglaga heilbrigði.

H.V. 28.8.1969.

Viðbót við drög

að frumvarpi um vinnumálalöggjöfina frá 13/8 '69.

17. gr. orðist svo:

Óheimilt er að hefja vinnustöðvun:

1. Ef ágreiningur er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar úrskurðum dómsins.
2. Ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir, sem þeim lögum samkvæmt ekki ber að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir, þar sem stjórnarvöldin eru aðili sem atvinnurekandi. Gildandi lög um opinbera starfsmenn haldast óbreytt þrátt fyrir þetta ákvæði.
3. Til styrktar félagi, sem hafið hefur ólögmetta vinnustöðvun.
4. Sem aðeins er beint að einstökum fyrirtækjum úr hópi margra fyrirtækja eða starfsfólki þeirra, sem öll eru samtímis aðilar að sömu kjaradeilu, enda hafi þau ekki öðrum fyrirtækjum fremur, sem eiga í kjaradeilunni, gefið tilefni til sérstakrar vinnustöðvunar.

Nú vofir yfir vinnustöðvun hjá fámennum hópi sérhæfðs eða faglærðs fólks, sem myndi hafa í för með sér viðtæka stöðvun starfrækslu og svifta þannig fjölda manna atvinnu m.a. vegna mótráðstafana gagnaðila og getur ráðherra þá lagt hann við slíkri vinnustöðvun og falið gjörðardómi að gera um ágreiningsefnið. Gjörðadóm þenna skipa þrír menn, einn tilnefndur af hvorum deiluaðila og einn tilnefndur af Hæstarétti og skal hann vera dómsforseti. Gerðadómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, embættismönnum og fyrirsvarsmönnum deiluaðilja, sem hlut eiga að máli.

Greinargerð:

Hér er um að ræða viðbót við 17. gr. núgildandi laga. Greinin er óbreytt, 1. - 3. t.l.

Í 4. t.l. greinarinnar er nýmæli um vinnustöðvanir hjá svo nefndum lykilfyrirtækjum. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa. Hér er um leikreglu að ræða, sem í augum leikmanna virðist vera fullkomlega heiðarleg.

Í 2. mgr. þessarar greinar er ákvæði, sem einnig er nýtt

og fjallar um vinnustöðvanir hjá fámennum starfshópum, sem gætu valdið meiriháttar röskun atvinnulífsins. Lagt er til, að þegar svo ber til, geti ráðherra lagt bann við vinnustöðvunum og falið gjörðardómi að úrskurða um ágreininginn. Út af orðunum "sérhæfðs eða faglærðs fólks" er rétt að nefna dæmi. Verzlunarfólk, sem ekki hefur sérmenntun, mun varla teljast faglært, en gæti talizt sérhæft. Sama virðist mega segja um flugfreyjur.

Formaður Sjálfstæðisflokksins

dr. Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra,
c/o stjórnarráði Íslands.

Í desembermánuði s.l. voru undirritaðir tilnefndir af þingflokki Sjálfstæðisflokksins til þess að yfirfara fram konar tillögur um breytingar á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélag og vinnudeilur, og freista þess, að ná samstöðu um þær tillögur eða aðrar svipaðs eðlis.

Var nefndarmönnum fengið í hendur:

1. Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélag og vinnudeilur, merkt H. V. 13/8 '69.
2. Viðbót við þau drög, einnig merkt H. V. 29.8.1969.
3. Til athugunar, dags. 29/9 '69 (frá B.Fr.).

Við höfum nú lokið athugun okkar og hefur náðst samkomulag um að leggja fram meðfylgjandi drög að breytingum á fyrrgreindri löggjöf.

Mun nú gerð grein fyrir þeim meginatriðum, sem náðst hefur samstaða um.

1. Að gera eftirfarandi breytingar á 15. gr.
 - a. Að leynileg atkvæðagreiðsla skuli fram fara, ef vinnustöðvun skal hefja, og skal $\frac{1}{2}$ fullgildra atkvæða á kjörskrá koma fram við atkvæðagreiðsluna og meiri hlutinn samþykkja.
 - b. Sé um að ræða deild í félagi skal slík ákvörðun þó aðeins gild, að meiri hluti stjórnar og trúnaðarráðs félagsins samþykki.
 - c. Að ákvarðanir um að létta af vinnustöðvun skuli teknar af sama aðila og boðaði til vinnustöðvunar.
 - d. Að lögfesta ákvæði um atkvæðaseðla, án endurgjalds.
2. Að gera þær breytingar á 16. gr., sem lagt er til í drögum H. V.
3. Að gera þær breytingar á 17. gr., sem lagt er til að gera í viðbót við drög H. V., að viðbættu eftirfarandi ákvæði:

Óheimil er vinnustöðvun þeirra, sem gæta framleiðslufyrirtækja og þeirra, sem gæta verðmæta, sem til eru orðin áður en vinnustöðvun hefst, og legið

geta undir skemmdum.

Þá leggjum við til að felld verði niður úr gerðardómsákvæðinu orðin: "m.a. vegna mótráðstafana gagnaðila".

4. Samp. breytingu á 20. gr.
5. Að gera sams konar breytingu á 27. gr. og lagt er til af H. V., þó þannig, að sáttasemjara sé heimilt að fresta í eitt skipti um 10 daga, að vinnustöðvun hefjist, en frestur eftir að verkfall er skollið á sé ekki heimill.
6. Samp. breytingartillögu H. V. á 29. gr.
7. Að samþykkja breytingartillögu H. V. við 3. mgr. 32. gr. þannig, að miðlunartillaga teljist felld, ef 50% af greiddum atkvæðum séu á móti og helmingur atkvæða á kjörskrá kemur fram, sem þýðir að minnst 25% séu á móti miðlunartillögu til þess að hún teljist felld.

Varðandi fjarveru og veikingi er lagt til, að bæta þar við því atkvæði, að sannanlegar upplýsingar þurfi að liggja fyrir áður en kjörfundi lýkur.

Á þessu stigi málsins látum við ekki fylgja með greinargerð. Hins vegar teljum við að ýtarleg greinargerð þurfi að fylgja frumvarpi til laga um breytingu á þessari mjög svo viðkvæmu löggjöf. Við erum reiðubúnir til þess að semja þá greinargerð, ef og þá þess er óskað, en óskum sérstaklega eftir því, að fá að yfirfara greinargerð ef samin verður af öðrum.

Þá er rétt að geta þess, að það sjónarmið kom fram, að mjög þyrfti að yfirvega, hvort nú sé réttur tími til slíkra breytinga, sem hér hefur orðið samkomulag um, svo og, hvort eigi væri rétt að stofna til heildarendurskoðunar á vinnulöggjöfinni.

Fulltrúar verkalyðsráðs í nefndinni, þeir Sverrir Hermannsson og Hilmar Guðlaugsson, telja nauðsynlegt, að allir Sjálfstæðismenn, sem sæti eiga í stjórn A.S.Í., séu tillögunum fylgjandi.

Virðingarfyllst,

Reykjavík, 2. marz, 1970.

D R Ö G

að

frumvarpi til laga

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

1. gr.

15. gr. orðist svo:

Þegar stéttarfélag eða félag vinnuveitenda ætlar að hefja vinnustöðvun, þá er hún því aðeins heimil, að ákvörðun um hana hafi verið samþykkt,

- a. við almenna leynilega atkvæðagreiðslu, sem staðið hefur a.m.k. í 24 klst., enda hafi félagsstjórnin auglýst nægilega hvar og hvenær atkvæðagreiðslan um vinnustöðvunina skuli fara fram, og að fram komi í atkvæðagreiðslunni a.m.k. $\frac{1}{2}$ fullgildra atkvæða á kjörskrá.
- b. af samninganefnd eða félagsstjórn, sem gefið hefur verið umboð til að taka ákvörðun um vinnustöðvunina með almennri atkvæðagreiðslu, sem farið hefur fram á sama hátt og greint er undir a-lið.
- c. Sé deildarskipting í félagi gilda sömu reglur varðandi ákvörðun um vinnustöðvun innan deildarinnar. Slík ákvörðun er þó því aðeins gild, að meiri hluti stjórnar og trúnaðarmannaráðs félagsins samþykki.

Ákvarðanir um að létta af vinnustöðvun (verkfalli eða verkbanni) skulu teknar á almennun félagsfundu eða deildarfundu og ræður meiri hluti atkvæða.

Hafi samninganefnd eða félagsstjórn verið fengið umboð til að taka ákvörðun um vinnustöðvun skal það umboð einnig ná til þess að létta af vinnustöðvuninni.

Atkvæðaseðill til afnota við atkvæðagreiðslu samkvæmt þessari grein skal þannig úr garði gerður, að rituð er á hann spurning um, hvort félagi óski vinnustöðvunar og fyrir neðan spurninguna orðin: Já og Nei. Félagi greiðir atkvæði með þeim hætti, að hann setur með ritblýi kross fyrir framan Já, ef hann æskir vinnustöðvunar, en kross fyrir framan Nei, ef hann er mótfallinn vinnustöðvun.

Félagsmálaráðuneytið lætur gera atkvæðaseðla til afnota fyrir félögin í þessu skyni án endurgjalds.

2. gr.

16. gr. orðist svo:

Ákvörðun um vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör, ber að tilkynna sáttasemjara og þeim, sem hún beinist aðallega gegn, 20 sólarhringum áður en tilætlunin er að hún hefjist. Tilkynning þessi skal vera bréfleg og skulu fylgja henni kröfur aðila og greinargerð.

3. gr.

17. gr. orðist svo:

Óheimilt er að hefja vinnustöðvun:

- a. ef ágreiningur er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar úrskurðum dómsins.
- b. ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir, sem þeim lögum samkvæmt ekki ber að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir, þar sem stjórnarvöldin eru aðili sem vinnuveitandi. Gildandi lög um opinbera starfsmenn haldast óbreytt þrátt fyrir þetta ákvæði.
- c. til styrktar félagi, sem hafið hefur ólögmetta vinnustöðvun.
- d. sem aðeins er beint að einstökum fyrirtækjum úr hópi margra fyrirtækja eða starfsfólki þeirra, sem öll eru samtímis aðilar að sömu kjaradeilu, enda hafi þau ekki öðrum fyrirtækjum fremur, sem eiga í kjaradeilunni, gefið tilefni til sérstakrar vinnustöðvunar.

Óheimil er vinnustöðvun þeirra, sem gæta framleiðslutækja og þeirra, sem gæta verðmæta, sem til eru orðin áður en vinnustöðvun hefst og legið geta undir skemmdum.

Nú vofir yfir vinnustöðvun hjá fámennum hópi sérhæfðs eða faglærðs fólks, sem myndi hafa í för með sér víðtæka stöðvun starfsrækslu og svipta þannig fjölda manna atvinnu, og getur ráðherra þá lagt bann við slíkri vinnustöðvun og falið gerðardómi að gera út um ágreiningsefnið. Gerðadóm þennan skipa þrír menn, einn tilnefndur af hvorum deiluaðila og einn tilnefndur af Hæstarétti og skal hann vera dómsforseti. Gerðadómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, embættismönnum og fyrirsvars-

mönnum deiluaðila, sem hlut eiga að máli.

4. gr.

Í stað "atvinnumálaráðherra" í upphafi 20. gr. komi:
"Félagsmálaráðherra".

5. gr.

27. gr. laganna hljóði svo:

Strax og slitnar upp úr samningaumleitunum aðila eða annar hvor aðila telur vonlaust um árangur af frekari samningaumleitunum þeirra, getur hvor aðili um sig eða þeir sameiginlega vísað deilunni til meðferðar sáttasemjara. Eftir að sáttasemjari hefur fengið tilkynningu um þetta, er honum skylt að kveðja aðila eða umboðsmenn þeirra til fundar svo skjótt sem kostur er og halda síðan áfram sáttaumleitunum meðan von er til þess, að þær beri árangur. Sáttasemjara er skylt að taka vinnudeilu til meðferðar í síðasta lagi 10 sólarhringum áður en vinnustöðvun er ætlað að koma til framkvæmda, enda þótt aðilar hafi þá eigi vísað deilunni til hans.

Aðilum er skylt að mæta eða láta mæta, þegar sáttasemjari kveður þá til funda.

Sáttasemjari getur frestað því allt að 10 sólarhringa, að vinnustöðvun hefjist, ef hann hefur í hyggju að bera fram miðlunartillögu eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi að hans dómi. Eigi er sáttasemjara heimilt að fresta vinnustöðvun nema einu sinni í hverri deilu. Honum er eigi heldur heimilt að fresta vinnustöðvun, sem þegar er skollin á.

6. gr.

Aftan við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er sáttasemjara að krefja Efnahagsstofnunina, Hagstofu Íslands, og aðrar opinberar stofnanir skýrslna um atvinnuhorfur, kaupmátt launa, vísitöluútreikninga, launasamanburð, skattreglur, afkomuhorfur einstakra atvinnugreina og önnur hliðstæð atriði, sem hann telur máli skipta til lausnar á vinnudeilu.

7. gr.

3. mgr. 32. gr. laganna hljóði svo:

Miðlunartillaga telst felld, ef minnst 50% af greiddum atkvæðum eru á móti henni, enda komi fram minnst helmingur atkvæða á kjörskrá.

Að öðrum kosti telst miðlunartillaga samþykkt. Þeir, sem vegna fjarveru eða veikinda eru útilokaðir frá að neyta atkvæðis-

réttar síns, teljast ekki atkvæðisbærir í þessu sambandi, enda
liggi sannanlegar upplýsingar fyrir þar um áður en kosningu
lýkur.

RÓTARYKLÚBBUR
REYKJAVÍKUR



R Ó T A R Ý K L Ú B B U R
R E Y K J A V Í K U R

(Rotary club of Reykjavík)

Stofnaður 13. september 1934.

Stofnbref nr. 3842, veitt 31. maí 1935,
afhent 7. september s. á.

126. umdæmi í Rotary International.

Fundarstaður: Tjarnarbúð (Oddfellowhús)

Fundartími: Miðvikudagur kl. 12.30–14

Stjórn 1969–1970

Forseti:

Vilhjálmur Þ. Gíslason, fv. útvarpsstjóri

Varaforseti:

Hjalti Geir Kristjánsson, framkvæmdastjóri

Ritari:

Matthías Johannessen, ritstjóri

Gjaldkeri:

Bjarni Björnsson, forstjóri

Stallari:

Hilmar Fenger, stórkaupmaður

Fv. forseti:

Hákon Bjarnason, skógræktarstjóri

Endurskoðendur:

Agnar Kl. Jónsson, ráðuneyttisstjóri, Ludvig Storr, aðalræðismaður. Varaendurskoðandi: Oddur Jónsson, framkvæmdastjóri.

STARSSKRÁ 1. júlí 1969 til 30. júní 1970

Starfsþjónustunefnd (starfanefnd): Bjarni Björnsson, formaður, Gunnlaugur Snædal, Höskuldur Ólafsson.

Starfsþjónustunefnd skal annast um, að klúbbsfélagar veiti við og við fræðslu um starfsgrein sína, til þess að félagar fái skilið vandamál og starfsaðstöðu hvers annars, svo og þjónustuhlutverk það, sem hver um sig gegnir í þjóðfélaginu á hverjum tíma.

Fundarefni: júlí, nóvember, marz.

Þjóðmálanefnd: Hilmar Fenger, formaður, Magnús Magnússon, Óttarr Möller.

Þjóðmálanefnd skal sjá um, að helztu mál bæjarfélagsins og þjóðfélagsins verði jafnan kynnt félögum á fundum, og leiðbeina þeim eftir föngum um það, á hvern hátt þeir geti best lagt þessum málum lið.

Fundarefni: ágúst, desember, apríl.

Alþjóðanefnd: Hjalti Geir Kristjánsson, formaður, Jón H. Bergs, Jón B. Hafsteinnsson.

Alþjóðanefnd skal annast um að veitt verði fræðsla um viðhorf rótarý til alþjóðamála, og á hvern hátt rótarýfélagsskapurinn og einstakir félagar geti best stuðlað að og eftir velvild og gagnkvæman skilning þjóða á milli. Ennfremur er það hlutverk nefndarinnar að veita erlendum rótarýfélögum fyrir-

greiðslu. — Formaður alþjóðanefndar og aðrir nefndarmenn skulu annast móttöku erlendra gesta, sem sækja fundi, og sinna þeim þar eftir föngum. Fundarefni: september, janúar, maí.

Starfsgreinaneftnd: Matthías Johannessen, formaður, Björn Hallgrímsson, Baldvin Tryggvason, Björn Pálsson, Þór Sandholt.

Starfsgreinaneftnd skal gera skrá um þær starfsgreinar í bæjarfélaginu, sem talið er rétt að geti átt fulltrúa í klúbbum, svo og hverjar þeirra eigi þar fulltrúa. Við gerð starfsgreinaskrárinnar og endurskoðun skal í meginatriðum fara eftir reglum þeim og leiðbeiningum, sem eru í bókinni „Outline of Classifications“, er Rotary International gefur út. Ef mikilsverðar starfsgreinar eiga ekki fulltrúa í klúbbum, skal nefndin benda stjórninni á mikilvægi þess, að fulltrúar fái st í þær. — Nefndin skal endurskoða starfsgreinaskrána við og við, til þess að ganga úr skugga um, að hún sé ætíð í samræmi við mikilsverðar atvinnugreinar í klúbbumdæminu, en ráðgjast skal hún við stjórn klúbbsins um allt, er máli skiptir í því sambandi. Fundarefni: október, febrúar, júní.

Félaganeftnd: Örn Ó. Johnson, formaður, Hákon Bjarnason, Ágúst Bjarnason, Haraldur Sveinsson, Helgi Eliásson, Jón Á. Bjarnason, Othar Ellingsen, Sigurður Samúelsson, Sigurður Sigurðsson.

Félaganeftnd (félagavalsneftnd) athugar allar tillögur um nýja féлага í klúbbum. Hún kynnir sér

gaumgæfilega, hvort þeir njóti álit og trausts í störfum sínum, og ennfremur, hvort þeir séu félagslýndir. Nefndin lætur stjórn klúbbsins í té álit sitt á þeim mönnum.

Fundarsóknarneftnd: Ágúst Bjarnason, formaður, Jónas B. Jónsson, Hallgrímur Björnsson.

Fjármálaneftnd: Carl Olsen, formaður, Haraldur Sveinsson, Jón H. Bergs, Jón G. Mariásson, Kristján Siggeirsson, Tómas Tómasson.

Sögu- og laganeftnd: Steingrímur Jónsson, formaður, Baldvin Tryggvason, Torfi Hjartarson.

Fræðsluneftnd (Rótarýfræðsluneftnd): Einar Bjarnason, formaður, Erlendur Einarsson, Einar Arnalds.

FÉLAGATAL I. júlí 1969

(Símanúmerið innan sviga er á vinnustað)

Ásgeir Ásgeirsson, fv. forseti Íslands,
heiðursfélagi.

Honorary Member. Fyrstum fræðslumál, síðar bankastörf (Former Education Administration, later Finance, Banking). F. 13. maí 1894. Rf. 1934. Aragötu 14, sími 14300.

Agnar Kofoed-Hansen, flugmálastjóri.

Starfsgrein: Flugvallarstarfsemi (Airport Operation). F. 3. ágúst 1915. Rf. 1951. Dyngjuvegi 2, sími 33426 (17430).

Agnar Kl. Jónsson, ráðuneytisstjóri.

Starfsgrein: Utanríkisþjónusta (Foreign Service). F. 13. október 1909. Rf. 1947–1951 og aftur 1961. P. P. 1951. — Tjarnargötu 22, sími 13844 (16740).

Ágúst Bjarnason, skrifstofustjóri.

Starfsgrein: Almennar tryggingar (Insurance General). F. 30. apríl 1918. Rf. 1955. P. P. 1967. Kleifarvegi 9, sími 34650 (18911).

Ármann Snævarr, prófessor.

Starfsgrein: Háskólar (Universities). F. 18. sept. 1919. Rf. 1963. — Aragötu 8, sími 18932 (16138).

Árni Árnason, dr. med., fv. héraðslæknir.

Aldvirkur, heilbrigðisþjónusta (Sen. Act. Member, former Medicine). F. 28. des. 1885. Rf. Akranesi 1947–1957, Rvk. 1957. P. P. 1950. P. G. 1957. — Öldugötu 34, sími 12741.

Árni Snævarr, verkfræðingur.

Starfsgrein: Byggingaverkfræði (Civil Engineering). F. 27. apríl 1909. Rf. 1951. P. P. 1963. — Laufásvegi 63, sími 15576 (38590).

Ásberg Sigurðsson, borgarfégeti.

Starfsgrein: Undirrættur, dómsstörf (Lower Court, Judiciary). F. 18. apríl 1917. Rf. Ísafirði 1946–1961, Rvík 1969. P. P. 1960. — Sólvallagötu 13, sími 23399 (17720).

Baldur Eyþórsson, prentsmiðjustjóri.

Starfsgrein: Prentun (Printing). F. 2. sept. 1917. Rf. 1962. — Sigtúni 41, sími 35973 (20280).

Baldvin Tryggvason, framkvæmdastjóri.

Starfsgrein: Bókaútgáfa (Book Publishing). F. 12. febrúar 1926. Rf. 1965. — Hamrahlíð 9, sími 16334 (19707).

Benedikt Gröndal, framkvæmdastjóri.

Aldvirkur, vélaverkfr. (Senior Active Member, former Machine Engineering). F. 27. ágúst 1899. Rf. 1934. P. P. 1942. — Bergstaðastræti 79, sími 12882 (22123).

Bjarni Benediktsson, dr. jur., forsætisráðherra.

Fyrirvirkur, ritstjórn (Past Service Member, former Editors). F. 30. apríl 1908. Rf. 1957. — Háuhlíð 14, sími 12261 (16740).

Bjarni Björnsson, forstjóri.

Starfsgrein: Kven- og barnafataframleiðsla (Women's- & Children's Clothing, Manufacturing). F. 13. júní 1920. Rf. 1968. — Miklubraut 38, sími 10333 (82222).

Björgvin Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Starfsgrein: Samtök vinnuveitenda (Employers Association). F. 6. ágúst 1919. Rf. 1965. — Gnoðavogi 54, sími 36747 (18592).

Björn Hallgrímsson, forstjóri

Starfsgrein: Heildsala (General Merchandise Distributing). F. 17. apríl 1921. Rf. 1964. — Fjólugötu 1, sími 18333 (38300).

Björn Pálsson, flugmaður.

Starfsgrein: Flugmannsstörf, björgunarflug (Piloting, Ambulance Flying). F. 10. jan. 1908. Rf. 1965. Kleifarvegi 11, sími 34269 (21611).

Carl Olsen, stórkaupmaður.

Aldvirkur, heildsala (Sen. Act. Member, former General Merchandise Distributing). F. 22. jan. 1880. Rf. 1934. P. P. 1940. — Laufásvegi 22, sími 13335 (16656).

Einar Arnalds, hæstréttardómari

Starfsgrein: Hæstiréttur, dómstörf (Supreme Court, Judiciary). F. 3. jan. 1911. Rf. 1967. — Miklubraut 52, sími 15076 (13935).

Einar Bjarnason, prófessor.

Aldvirkur, stjórnarráð (Senior Active Member, former Government Administration). F. 25. nóv.

1907. Rf. 1952. P. P. 1957. P. G. 1963. — Glaðheimum 8, sími 35078 (16740).

Einar Gíslason, málarameistari.

Aldvirkur, málaraiðn (Senior Active Member, former Painting Industry). F. 5. okt. 1889. Rf. 1955. Berstaðastræti 12 A, sími 13782.

Einar B. Guðmundsson, hæstaréttarlögmaður.

Aldvirkur, málf lutningur (Senior Active Member, former Advocates). F. 28. des. 1903. Rf. 1948. P. P. 1953. — Víðimel 27, sími 12340 (13202).

Einar Sveinsson, múrarameistari.

Aldvirkur, múrsmíði (Senior Active Member, former Concrete Construction). F. 7. nóv. 1891. Rf. 1949. — Grænuhlíð 19, sími 32748.

Einar Ól. Sveinsson, dr. phil. prófessor.

Aldvirkur, háskólar (Sen. Act. Member, former Universities). F. 12. des. 1899. Rf. 1945. — Oddagötu 6, sími 13431.

Erlendur Einarsson, forstjóri.

Starfsgrein: Samvinnufélög (Cooperative Societies). F. 30. marz 1921. Rf. 1955. — Selvogsgrunni 27, sími 32668 (17080).

Geir Hallgrímsson, borgarstjóri.

Fyrirvirkur, byggingarvöruverzlun (Past Service Member, former Building Materials Distributing). F. 16. des. 1925. Rf. 1954. P. P. 1960. — Dyngjuvegi 6, sími 33351 (18800).

Gísli Ólafson, forstjóri.

Starfsgrein: Sjótryggingar (Marine-Insurance). F.

1. maí 1927. Rf. 1967. Hávallgötu 32. — Sími 19003 (19460).

Guðmundur Jörundsson, útgerðarmaður.
Starfsgrein: Síldveiðar (Herring-Fishing). F. 3. nóv. 1912. Rf. Akureyri 1945–60, Reykjavík 1960. P. P. 1955. — Úthlíð 12, sími 19071 (16357).

Gunnar J. Friðriksson, framkvæmdastjóri.
Starfsgrein: Hreinlætisvörur, framleiðsla (Washing Articles Manufacturing). F. 12. maí 1921. Rf. 1965. Snekkjuvogi 13, sími 32315 (51822).

Gunnar Guðjónsson, skipamiðlari.
Starfsgrein: Skipamiðlun (Ship Brokerage). F. 26. des. 1909. Rf. 1957. — Smáragtöu 7, sími 13566 (12401).

Gunnar B. Guðmundsson, hafnarstjóri.
Starfsgrein: Hafnarstjórn (Harbour Service). F. 18. júlí 1925. Rf. 1965. — Ljósheimum 3, sími 35530 (12951).

Gunnlaugur Snædal, læknir.
Starfsgrein: Kvenlækningar og fæðingahjálpar (Gynaecology & Obstetrics). F. 13. okt. 1924. Rf. 1968. Hvassaleiti 69, sími 33570 (19505).

Hafsteinn Bergþórsson, framkvæmdastjóri.
Aldvirkur, saltfisksverkun (Senior Active Member, former Salted Fish Curing). F. 29. nóvember 1892. Rf. 1948. — Marargötu 6, sími 14198.

Hallgrímur Björnsson, verkfræðingur.
Starfsgrein: Sælgætisgerð (Confectionery Manufacturing). F. 22. júlí 1912. Rf. Akureyri 1948–1955, Reykjavík 1955. — Eikjuvogi 2, sími 33464 (24144).

Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, framkvæmdastjóri.
Starfsgrein: Olíusala (Refined Oil Distributing). F. 17. okt. 1905. Rf. 1936. P. P. 1943. — Vesturbrún 22, sími 34874 (38100).

Haraldur Sveinsson, framkvæmdastjóri.
Starfsgrein: Timburverzlun (Lumber Distributing). F. 15. júní 1925. Rf. 1952. P. P. 1964. — Sigluvogi 11, sími 34865 (18430).

Hákon Bjarnason, skógræktarstjóri.
Starfsgrein: Skógrækt (Forestry). F. 13. júlí 1907. Rf. 1961. P. P. 1969. Snorrabraut 65, sími 15422 (13422).

Helgi Eliasson, fræðslumálastjóri.
Aldvirkur, fræðslumál (Sen. Act. Member, former Education Administration). F. 18. marz 1904. Rf. 1945. P. P. 1952. P. G. 1956. — Háteigsvegi 16, sími 12776 (18340).

Helgi Sigurdsson, ráðgefandi verkfræðingur.
Aldvirkur, hitaveitur (Sen. Act. Member, former Municipal Heating Service). F. 15. marz 1903. Rf. 1951. P. P. 1958. — Brekkugerði 20, sími 12641 (18000).

Helgi Þóvarinsson, framkvæmdastjóri.
Starfsgrein: Saltfiskssala (Salt Fish Export). F. 23. des. 1908. Rf. 1956. — Bárugötu 19, sími 11182 (11480).

Hilmar Fenger, stórkaupmaður.
Starfsgrein: Nýlenduvörur, heildsala (Groceries — Distributing). F. 29. sept. 1919. Rf. 1968. — Hofsvallagötu 49, sími 19518 (81234).

Hjalti Geir Kristjánsson, framkvæmdastjóri.
Starfsgrein: Húsgagnaframleiðsla (Furniture Manufacturing). F. 21. ágúst 1926. Rf. 1964. Bergstaðastræti 70, sími 19978 (13879).

Hörður Bjarnason, húsameistari ríkisins.
Starfsgrein: Byggingalist (Architecture). F. 3. nóv. 1910. Rf. 1945. P. P. 1955. — Laufásvegi 68, sími 13476 (11750).

Höskuldur Ólafsson, bankastjóri.
Starfsgrein: Viðskiptabankar (Commercial Banking). F. 7. maí 1927. Rf. 1965. — Einimel 15, sími 15844 (22190).

Inguar Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri.
Aldvirkur, frysting fisks (Senior Active Member, former Fish freezing, Preparing and Distributing). F. 26. okt. 1899. Rf. 1949. — Unnarbraut 2, Sel-tjarnarnesi, sími 15709 (17774).

Jón H. Bergs, forstjóri.
Starfsgrein: Kjötvinnsla (Meat Industry). F. 14. sept. 1927. Rf. 1959. — Laufásvegi 77, sími 13721 (11249).

Jón Á. Bjarnason, rafmagnsverkfræðingur.
Starfsgrein: Rafmagnsverkfræði. (Electrical Engineering). F. 28. marz 1911. Rf. 1952. P. P. 1962. Snorrabraut 65, sími 11078 (14526).

Jón B. Hafsteinsson, skipaverkfræðingur.
Starfsgrein: Skipaverkfræði (Naval Architecture). F. 25. okt. 1933. Rf. 1969. — Marargötu 6, sími 17122 (22851).

Jón G. Mariásson, bankastjóri.
Aldvirkur, bankastarfsemi (Senior Active Member, former Banking). F. 24. sept. 1898. Rf. 1953. Egissíðu 54, sími 14490.

Jónas B. Jónsson, fræðslustjóri.
Starfsgrein: Barnaskólar (Elementary Schools Administration). F. 8. apríl 1908. Rf. 1956. — Melhaga 3, sími 16953 (21430).

Kjartan Ásmundsson, gullsmiður.
Aldvirkur, gull- og silfursmíði (Sen Act. Member, former Gold and Silver Ware, Manufacturing Distributing). F. 3. júlí 1903. Rf. 1954. — Háteigsvegi 30, sími 21617 (11290).

Kjartan Thors, framkvæmdastjóri.
Aldvirkur, togaraútgerð (Senior Active Member, former Trawlers). F. 26. apríl 1890. Rf. 1934. P. P. 1946. — Smáragötu 13, sími 13561

Kristján Eldjárn, forseti Íslands, dr. phil.
Starfsgrein: Þjóðminjasöfn (National Museums). F. 6. des. 1916. Rf. 1955. P. P. 1965. — Bessastöðum.

Kristján Siggeirsson, húsgagnasmíðameistari.
Aldvirkur, húsgagnaframleiðsla (Sen. Act. Member, former Household Furniture Manufacturing). F. 26. febrúar 1894. Rf. 1943. P. P. 1956. — Hverfísgötu 26, sími 14479 (13879).

Ludvíg Storr, stórkaupmaður.
Aldvirkur, gleriðnaður (Senior Active Member, former Glass Industry). F. 21. okt. 1897. Rf. 1934. Laugavegi 15, sími 12833 (11620).

Magnús Magnússon, prófessor.

Starfsgrein: Eðlisfræði (Physics). F. 19. okt. 1926. Rf. 1962. — Skeiðarvogi 47, sími 37705 (21340).

Matthías Johannessen, ritstjóri.

Starfsgrein: Ritstjórn (Editors). F. 3. jan. 1930. Rf. 1965. — Reynimel 25 A, sími 13677 (22480, 10100).

Oddur Jónsson, framkvæmdastjóri.

Aldvirkur, fóðurvörusala (Senior Active Member, former Feed Distributing). F. 15. júlí 1892. Rf. 1955. — Grenimel 25, sími 15262.

Othar Ellingsen, forstjóri.

Starfsgrein: Veiðarferaverzlun, smásala (Fishing Equipment and Supplies Retailing). F. 27. maí 1908. Rf. 1955. P. P. 1966. — Ægissíðu 80, sími 13220 (24411).

Óskar J. Þorláksson, dómkirkjuprestur.

Aldvirkur, trúmál mótmælendatrú (Sen. Act. Member, former Religion Protestantism). F. 5.nóv. 1906. Rf. Sigluf. 1937–51 Rvk. 1951. P. P. 1940. P. G. 1950. — Aragötu 15, sími 18690 (12113).

Óttarr Möller, forstjóri.

Starfsgrein: Millilandasiglingar (Ocean Shipping). F. 24. okt. 1918. Rf. 1966. — Vesturbrún 24, sími 33555 (21460).

Páll Ísólfsen, dómkirkjuorganleikari, dr.

Aldvirkur, tónlist (Senior Active Member, former Music). F. 12. okt. 1893. Rf. 1938–42, aftur 1955. Viðimel 55, sími 14645.

Pétur Sigurðsson, forstjóri.

Starfsgrein: Landhelgisgæzla (Coast Guard Service). F. 10. júní 1911. Rf. 1954. Hrólfsskála, Seljarnarnesi, sími 10838 (10230).

Pétur Sigurðsson, kaupmaður.

Starfsgrein: Fatasala, karlmannaföt (Men's Clothing, Retailing). F. 23. júní 1918. Rf. 1967. — Hagamel 33, sími 12347 (12345).

Sigurður Jóhannsson, vegamálastjóri.

Starfsgrein: Vegagerð (Highway Construction). F. 16. marz 1918. Rf. 1960. — Skólabraut 3, Seljarnarnesi, sími 16276 (21000).

Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri.

Aldvirkur, skipaviðgerðir (Senior Active Member, former Ship Repairing — Dry Dock Business). F. 18. júní 1899. Rf. 1941. — Háaleitisbraut 51, sími 35328 (10123).

Sigurður Ólafsson, lyfsali.

Starfsgrein: Lyfjasala (Pharmaceutical Chemicals, Retailing). F. 7. marz 1916. Rf. 1969. — Teiga-gerði 17, sími 34707 (11760).

Sigurður Samúelsson, prófessor.

Starfsgrein: Lyflæknisfræði (Internal Medicine). F. 30. okt. 1911. Rf. 1964. — Háuhlíð 10, sími 11192 (24160).

Sigurður Sigurðsson, landlæknir.

Aldvirkur, embættislæknar (Sen. Act. Member, former Official Physicians). F. 2. maí 1903. Rf. 1959. P. P. 1968. — Ægissíðu 70, sími 12780 (12171).

Sigurjón Sigurðsson, lögreglustjóri
Starfsgrein: Löggæsla (Police). F. 16. ágúst 1915.
Rf. 1949. P. P. 1959. — *Ægissíðu* 58, sími 17464
(10200)

Stefán Björnsson, forstjóri.
Starfsgrein: Mjólkursala (Milk Distributing). F. 1.
nóv. 1908. Rf. 1956. Sunnuvegí 31, sími 34074
(10700).

Stefán J. Ólafsson, læknir.
Starfsgrein: Háls-, nef- og eyrnalækningar Oto-
laryngology). F. 19. ágúst 1917. Rf. 1969. —
Hringbraut 34, sími 18211 (13181).

Steingrímur Hermannsson, framkvæmdastjóri.
Starfsgrein: Rannsóknarstarfsemi (Research Ad-
ministration). F. 22. júní 1928. Rf. 1969. —
Mávanesi 19, Garðahr., sími 41809 (21320).

Steingrímur Jónsson, f.v. rafmagnsstjóri.
Aldvirkur, rafmagnsveitur (Senior Active Member,
former Electrical Power Service). F. 18. júní 1890.
Rf. 1935. P. P. 1939. P. G. 1964. — Laufásvegí 73,
sími 14450 (18222).

Sveinn Guðmundsson, forstjóri.
Starfsgrein: Vélsmiðjur (Machine Shops). F. 27.
ágúst 1912. Rf. 1950. Hagamel 2, sími 15365 (24260).

Sveinn Tryggvason, framkvæmdastjóri.
Starfsgrein: Búvöruframleiðsla (Agricultural Pro-
duction). F. 12. ágúst 1916. Rf. 1966. — Brekku-
gerði 18, sími 32014 (14204).

Torfi Hjartarson, tollstjóri.
Aldvirkur, innheimta opinberra gjalda (Sen. Act.

Member, former Public Revenue). F. 21. maí
1902. Rf. Ísaf. 1937–43, Rvík. 1943. P. P. Ísaf.
1943 og Rv. 1950. — Flókagötu 18, sími 11967
(18500).

Tómas Tómasson, forstjóri.
Aldvirkur, ölgerð (Senior Active Member, former
Beverages Manufacturing). F. 9. okt. 1888. Rf.
1934. P. P. 1949. — Bjarkargötu 2, sími 13390
(11390).

Tómas Vigfússon, húsamíðameistari.
Starfsgrein: Trésmíði (Carpentry). F. 24. júní
1906. Rf. 1962. — Viðimel 57, sími 14702.

Viggo R. Jessen, vélfræðingur.
Starfsgrein: Skipaefirtílit (Ship Surveying). F. 30.
sept. 1909. Rf. Akureyri 1940–45, Rvík 1956.
Grenimel 6, sími 17586 (15420).

Vilhjálmur Þ. Gíslason, f.v. útvarpsstjóri.
Aldvirkur, útvarpsstarfsemi (Senior Active Mem-
ber, former Broadcasting Service). F. 16. sept. 1897.
Rf. 1948. — Starhaga 2, sími 12220.

Vilhjálmur Þór, f.v. seðlabankastjóri.
Aldvirkur, seðlabankar (Senior Active Member,
former Central Banking). F. 1. sept. 1899. Rf.
Akureyri 1938–45, Rvík 1945. P. P. 1947. — Hof-
svallagötu 1, sími 15966 (17780).

Þorsteinn M. Jónsson, fv. skólástjóri.
Aldvirkur, gagnfræðafraeðsla (Senior Active Mem-
ber, former Secondary Schools). F. 20. ágúst 1885.
Rf. Akureyri, 1941–57, Rvík 1957. P. P. 1949.
Eskihlíð 21, sími 16122.

Þorvaldur Guðmundsson, forstjóri

Starfsgrein: Veitingahúsarekstur (Restaurants). F. 9. des. 1911. Rf. 1955. — Háuhlíð 12, sími 12327 (14240).

Þór Sandholt, skólustjóri.

Starfsgrein: Iðnskólar (Education, Trade Schools). F. 30. marz 1913. Rf. 1956. — Laugarásvegi 33, sími 33771 (18887).

Örn Ó. Johnson, framkvæmdastjóri.

Starfsgrein: Flug (Air Transportation). F. 18. júlí 1915. Rf. 1951. P. P. 1961. — Fjölnisvegi 10, sími 15800 (16600).

Örn Bjartmars Pétursson, tannlæknir.

Starfsgrein: Tannlækningar (Dentistry). F. 23. des. 1927. Rf. 1968. Stigahlíð 44, sími 81033 (24828).

Félagstala klúbbsins 1. júlí 1969:

85 og 1 heiðursfélagi.

AFMÆLI

Janúar:

3. Einar Arnalds	1911
3. Matthías Johannessen	1930
10. Björn Pálsson	1908
22. Carl Olsen	1880

Febrúar:

12. Baldvin Tryggvason	1926
26. Kristján Siggeirsson	1894

Marz:

7. Sigurður Ólafsson	1916
15. Helgi Sigurðsson	1903
16. Sigurður Jóhannsson	1918
18. Helgi Elíasson	1904
28. Jón Á. Bjarnason	1911
30. Erlendur Einarsson	1921
30. Þór Sandholt	1913

Apríl

8. Jónas B. Jónsson	1908
17. Björn Hallgrímsson	1921
18. Ásberg Sigurðsson	1917
26. Kjartan Thors	1890
27. Árni Snævarr	1909
30. Ágúst Bjarnason	1918
30. Bjarni Benediktsson	1908

Mái:

1. Gísli Ólafson	1927
2. Sigurður Sigurðsson	1903
7. Höskuldur Ólafsson	1927
12. Gunnar J. Friðriksson	1921
13. Ásgeir Ásgeirsson	1894
21. Torfi Hjartarson	1902
27. Othar Ellingsen	1908

Júní:

10. Pétur Sigurðsson, forstj.	1911
13. Bjarni Björnsson	1920
15. Haraldur Sveinsson	1925
18. Sigurður Jónsson	1899
18. Steingrímur Jónsson	1890
22. Steingrímur Hermannsson	1928
23. Pétur Sigurðsson, kaupm.	1918
24. Tómas Vigfússon	1906

Júlí:

3. Kjartan Ásmundsson	1903
13. Hákon Bjarnason	1907
15. Oddur Jónsson	1892
18. Gunnar B. Guðmundsson	1925
18. Örn Ó. Johnson	1915
22. Hallgrímur Björnsson	1912

Ágúst:

3. Agnar Kofoed-Hansen	1915
6. Björgvin Sigurðsson	1919

12. Sveinn Tryggvason	1916
16. Sigurjón Sigurðsson	1915
19. Stefán J. Ólafsson	1917
20. Þorsteinn M. Jónsson	1885
21. Hjalti Geir Kristjánsson	1926
27. Benedikt Gröndal	1899
27. Sveinn Guðmundsson	1912

September:

1. Vilhjálmur Þór	1899
2. Baldur Eyþórsson	1917
14. Jón H. Bergs	1927
16. Vilhjálmur P. Gíslason	1897
18. Ármann Snævarr	1919
24. Jón G. Mariásson	1898
29. Hilmar Fenger	1919
30. Viggo R. Jessen	1909

Október:

5. Einar Gíslason	1889
9. Tómas Tómasson	1888
12. Páll Ísólfsen	1893
13. Agnar Kl. Jónsson	1909
13. Gunnlaugur Snædal	1924
17. Hallgrímur Fr. Hallgrímsson	1905
19. Magnús Magnússon	1926
21. Ludvig Storr	1897
24. Óttarr Möller	1918
25. Jón B. Hafsteinsson	1933
26. Ingvar Vilhjálmsen	1899
30. Sigurður Samúelsson	1911

Nóvember:

1. Stefán Björnsson	1908
3. Guðmundur Jörundsson	1912
3. Hörður Bjarnason	1910
5. Óskar J. Þorláksson	1906
7. Einar Sveinsson	1891
25. Einar Bjarnason	1907
29. Hafsteinn Bergþórsson	1892

Desember:

6. Kristján Eldjárn	1916
9. Þorvaldur Guðmundsson	1911
12. Einar Ól. Sveinsson	1899
16. Geir Hallgrímsson	1925
23. Helgi Þórarinnsson	1908
23. Örn Bjartmars Pétursson	1927
26. Gunnar Guðjónsson	1909
28. Árni Árnason	1885
28. Einar B. Guðmundsson	1903

*Forsæt看 og ritari看 Rótarýklúbbanna á Íslandi
ásamt upplýsingum um fundarstað og tíma
1969 til 1970*

Akranes:

- Forseti: Sverrir Sværri看, skólastjóri, Jaðarsbraut 27.
Ritari: Njáll Guðmundson, skólastjóri, Vallholti 23.
Fundir: Fimmtud. kl. 19:00, Hótel Akranes.
Félagar: 34.

Akureyri:

- Forseti: Árni Jóhannesson, mjólkurfræðingur, Stekkjargerði 1.
Ritari: Ágúst G. Berg, arkitekt, Stekkjargerði 5.
Fundir: Föstud. kl. 12:30, Hótel K.E.A.
Félagar: 49.

Borgarnes:

- Forseti: Jón Sigurðsson, bókarí, Þórunnargötu 1.
Ritari: Húnbogi Þorsteinnsson, sveitarstjóri, Gunnlaugsg. 9.
Fundir: Fimmtud. kl. 18:30, Hótel Borgarnes.
Félagar: 39.

Egilsstaðir:

- Forseti: Jón Pétursson, dýralæknir, Lagarási 20, Egilsstöðum.
Ritari: Sveinn Kristinsson, flugumferðarstjóri, Laufási 11, Egilsstöðum.
Fundir: Fimmtud. kl. 20:00, Valaskjálfi.
Félagar: 25.

Garðar:

- Forseti: Ólafur E. Stefánsson, ráðunautur, Tjörn, Bessastaðahreppi.
Ritari: Sigurður Björnsson, verkfræðingur, Hagafliot 4, Garðahreppi.
Fundir: Mánud. kl. 12:20, Samkomuhúsið Garðaholt.
Félagar: 34.

Hafnarfjörður:

- Forseti: Sigurður Kristinsson, málaramestari, Hringbraut 9.
Ritari: Albert J. Kristinsson, rafvirki, Sléttahrauni 16.
Fundir: Fimmtud. kl. 12:00, Sjálfstæðishúsið.
Félagar: 46.

Húsavík:

- Forseti: Þormóður Jónsson, tryggingafulltrúi, Ásgarðsvegi 2.
Ritari: Ragnar Helgason, póst- og símastjóri, Garðarsbraut 21.
Fundir: Mánud. kl. 21:15, Hlöðufell.
Félagar: 34.

Hvolsvöllur:

- Forseti: Sigurður Jónsson, bankastj., Þrúðvangi 7, Hellu, Rang.
Ritari: Garðar Björnsson, bakaramestari, Þrúðvangi 28, Hellu, Rang.
Fundir: Fimmtud. kl. 19:30, Hvoll.
Félagar: 22.

Ísafjörður:

- Forseti: Hörður Jakobsson, gjaldkeri, Sundstræti 23.
Ritari: Jóhann Ármann Kjartansson, Austurv. 1.
Fundir: Fimmtud. kl. 19:00, Mánakaffi.
Félagar: 21.

Keflavík:

- Forseti: Steindór Pétursson, útgerðarm., Austurgötu 16.
Ritari: Páll Jónsson, skrifstofum., Garðavegi 4.
Fundir: Fimmtud. kl. 19:00, Aðalver.
Félagar: 41.

Kópavogur:

- Forseti: Pétur M. Þorsteinsson, bifvélavirki, Urðarbraut 5.
Ritari: Jón H. Guðmundsson, kennari, Álfaströð 5.
Fundir: Þriðjud. kl. 12:15, Félagsheimili Kópavogs.
Félagar: 39.

Neskaupstaður:

- Forseti: Jón Karlsson, bóksali, Hlíðargötu 13 A.
Ritari: Sigurður Guðjónsson, trésmíðameistari,
Melagötu 13,
Fundir: Miðvikud. kl. 19:00, Egilsbúð.
Félag: 17.

Ólafsfjörður:

- Forseti: Ásgeir Ásgeirsson, forstjóri, Hlíðarvegi 51.
Ritari: Haraldur Þórðarson, kaupmaður, Hlíðarvegi 48.
Fundir: Fimmtud. kl. 21:00, Tjarnarborg.
Félagar: 30.

Ólafsvík:

- Forseti: Alexander Stefánsson, sveitarstjóri, Engihlíð 2.
Ritari: Hermann Hjartarson, skrifstofustj., Lindarhlíð 2.
Fundir: Fimmtud. kl. 19:30, Safnaðarheimili kirkjunnar.
Félagar: 23.

Reykjavík:

- Forseti: Vilhjálmur Þ. Gíslason, fv. útvarpsstjóri, Starhaga 2.
Ritari: Matthías Johannessen, ritstjóri, Reynimel 25 A.
Fundir: Miðvikud. kl. 12:30, Tjarnarbúð.
Félagar: 85, auk heiðursfélaga.

Reykjavík-Austurbær:

- Forseti: Hjálmar Finnsson, framkvæmdastjóri, Vesturbrún 38.
Ritari: Pétur Pálsson, framkvæmdastjóri, Háaleitisbraut 38, Pósthólf 1244.
Fundir: Fimmtud. kl. 12:15, Hótel Saga.
Félagar: 43.

Sauðárkrókur:

- Forseti: Jón Ragnar Pálsson, bankastjóri, Viðigrund 1.
Ritari: Stefán Guðmundsson, Hólum, Hjaltadal.
Fundir: Fimmtud. kl. 19:15, Hótel Bifröst, Skagfirðingabraut 2.
Félagar: 30.

Selfoss:

- Forseti: Hjalti Gestsson, ráðunautur, Reynivöllum 10.
Ritari: Guðmundur Jóhannsson, póstaftgreiðslum., Miðtúni 5.
Fundir: Þriðjud. kl. 19:00, Landsbankahús.
Félagar: 30.

Siglufjörður:

- Forseti: Sigurður Sigurðsson, héraðslæknir, Suðurgötu 52.
Ritari: Júlíus Júlíusson, kaupm., Laugarvegi 25.
Fundir: Miðvikud. kl. 19:00, Hótel Höfn.
Félagar: 32.

Stykkishólmur:

Forseti: Lárus Kr. Jónsson, kleðskerameistari,
Höfðagötu 21.
Ritari: Dagbjartur Stígsson, Laufásvegi 14.
Fundir: Miðvikud. kl. 19:30, Sumarhótel.
Félagar: 18.

Vestmannaeyjar:

Forseti: Ágúst Helgason, forstjóri, Vestmanna-
braut 38.
Ritari: Steingrímur Arnar, Faxastíg 39.
Fundir: Fimmtud. kl. 15:00, Hressingarskálinn.
Félagar: 34.

Tala klúbba á landinu 21.
Tala ratarýfélaga á Íslandi: 726.

Umdæmistjóri Rótarý á Íslandi 1969–1970:
Ólafur G. Einarsson, sveitarstjóri,
Stekkjjarflöt 14, Garðahreppi, sími 51880
(51398).

Skrifstofa Rótarýklúbbs Reykjavíkur er á Laufás-
vegi 68, kjallara (ekki opin að jafnaði). –
Fundarstaður: Tjarnarbúð.

Aðstoðarstúlka ritara Rótarýklúbbs Reykjavíkur,
Rannveig G. Ágústsdóttir,
Kleppsvegi 48, sími 34175.

